

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 307/2023

frá 8. desember 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1329 frá 29. júní 2023 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólýglýserólpólýrísínóleati (E 476) og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar fyrir glýseról (E 422), pólýglýserólestera af fitusýrum (E 475) og pólýglýserólpólýrísínóleat (E 476) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1428 frá 7. júlí 2023 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar ein- og tvíglýseríð af fitusýrum (E 471) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1333 frá 29. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfarugrísí (leyfissafí er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1811/2005 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1259/2004 ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/1333 fellir úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004 ⁽⁴⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella hana brott samkvæmt samningnum.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður og matvæli. Ákvæði löggjafar um fóður og matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 66.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 175, 10.7.2023, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 106.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 239, 9.7.2004, bls. 8.

II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.

6) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1zzr (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1811/2005):

„– **32023 R 1333**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1333 frá 29. júní 2023 (Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 106).“

2. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 504. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1173):

„505. **32023 R 1333**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1333 frá 29. júní 2023 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus fijiensis* CBS 589.94, sem fóðurukefni fyrir eldiskjúklinga og fráfarugrísí (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.), um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1811/2005 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1259/2004 (Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 106).“

3. Texti liðar 1zs (reglugerð framkvæmdarstjórnarinnar (EB) nr. 1259/2004) fellur brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008):

„– **32023 R 1329**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1329 frá 29. júní 2023 (Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 66).“

2. Eftirfarandi undirliðir bætast við í 69. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012):

„– **32023 R 1329**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1329 frá 29. júní 2023 (Stjtið. ESB L 166, 30.6.2023, bls. 66),

- **32023 R 1428:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1428 frá 7. júlí 2023 (Stjttíð. ESB L 175, 10.7.2023, bls. 6).“

3. gr.

Texti reglugerða (ESB) 2023/1329 og (ESB) 1428/2023 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2023/1333, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.